

Fundargerð

Stjórnarfundur nr. 125

14. apríl 2023

Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar kom saman í húsnæði skólans miðvikudaginn 14. apríl 2023 kl. 11:00. Mætt eru: Bjarki Þór Grönfeldt, Flosi Sigurðsson, Helgi Haukur Hauksson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Inga Dóra Halldórsdóttir, Sigursteinn Sigurðsson og Bragi Þór Svavarsson skólameistari.

Fundargerð ritaði Sigursteinn Sigurðsson

1. Fundur settur og fundargerð fyrri fundar borin upp til samþykkt

Formaður stjórnar setti fundinn. Engar athugasemdir bárust við fundargerðir fyrir fund 124 og hún samþykkt.

2. Endurskoðandi MB

Á síðasta stjórnarfundum MB var skólameistara og fjármálastjóra falið að taka tilboð frá þremur endurskoðunarfyrirtækjum til nánari skoðunar. Skólameistari fór yfir niðurstöður þeirrar athugunar

Skólameistari og fjármálastjóri lögðu til að gengið verði til samninga við Kapital ráðgjöf, og var sú tillaga samþykkt samhljóða.

3. Hlutfjárukning í Nemendagörðum MB

Borist hefur erindi frá Nemendagörðum MB ehf um að Menntaskóli Borgarfjarðar taki þátt í hlutfjárukningu félagsins. Umræður fóru fram um málið meðal stjórnar, og hvernig möguleg aðkoma MB væri að hlutfjárukningunni.

Húsið er í hönnun og framundan verður gert kostnaðarmat á framkvæmd og byggingu hússins.

Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar tekur jákvætt í erindi um að taka þátt í hlutfjárukningu Nemendagarða MB ehf og kallar eftir umræðum með félaginu og Borgarbyggð um nánari útfærslu.

4. Önnur mál

Skólameistari fór yfir starfsmannamál og fyrirséðar breytingar á starfsmannahaldi MB.

Fleira var ekki gert og fundi lauk 11:50